

Mál nr. 275/2021

M og

V v/ ábyrgðartryggingar eiganda sundlaugar.

Ágreiningur um bótaskyldu vegna slyss af völdum háлку á sundlaugarsvæði.**Gögn.**

Málskot, móttækið 8.7.2021, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 26.7.2021.

Málsatvik.

Hinn 6. mars 2020 varð M fyrir meiðslum er hann rann í háлку á brú sem er yfir sundlaug A sem rekin er af B. Í málskoti er atvikið lýst svo sem að M hafi verið um kvöld í sundi í sundlaug. Hann hafi verið að ganga yfir brú í lauginni þegar hann rann í háлку þar sem ekki hafi verið búið að háلكuverja. M leitaði samdægurs á bráðamóttöku Landsspítalans þar sem hann var greindur með tognun og ofreynslu á brjóstþrygg og á spjald- og mjaðmarbeini. M hefur krafist bóta vegna þess líkamstjóns sem hann varð fyrir úr ábyrgðartryggingu B hjá V á grundvelli sakarreglunnar og ólögfestrar reglu skaðabótaréttarins um vinnuveitendaábyrgðar. Einnig á þeim grundvelli að það hvíli rík skylda til háلكuvarna sem ekki hafi verið sinnt og varúðarmerkingum hafi verið ábótavant.

V hefur hafnað bótaskyldu. Byggir V synjun sína á því að rangt sé og ósannað að B hafi ekki brugðist við hugsanlegri háلكu á göngubrúnni með viðeigandi hætti. Í fyrirliggjandi umsögn segi að saltað hafi verið strax fyrir opnun og yfir daginn, vaktstjóri hafði skoðað tröppurnar og brúna í kjölfar slyssins og ekki orðið var við neina háلكu. Þá sé brúin einnig útbúin snjóbræðslukerfi og grófum, riffluðum flísum. Auk þess séu handrið beggja vegna sem sundlaugargestir geti stutt sig við. Loks séu viðvaranir og skilti um mögulega háلكu við útgang og á leiðinni út á sundlaugarsvæðið. Því sé það afstaða V að slysið verði ekki rekið til saknæmrar eða ólögsmætrar háttsemi V eða starfsmanna hans. Atvikið megi frekar rekja til óhappatílvíks og eigin aðgæsluleysis M.

Álit.

Ágreiningur í málinu lýtur að því hvort slys M megi rekja til saknæmra athafna eða athafnaleysis af hálfu B eða starfsmanna þess, en það er skilyrði þess að bótaskylda sér til staðar. Af gögnum málsins er ljóst að M rann þegar hann gekk upp á göngubrú sem liggur yfir sundlauginni. Þá liggur einnig fyrir að umrædd göngubrú er búin snjóbræðslukerfi og grófum, riffluðum flísum auk þess sem handrið eru beggja vegna við tröppur sem sundlaugargestir geta stutt sig við. Einnig liggur fyrir að merkingar sem voruðu við háلكu voru bæði við útgang og á leiðinni út á laugarsvæðið. Þar utan er vísað til þess í málátlíbúnaði V að fyrir liggi yfirlýsing vaktstjóra um að hann hafi skoðað tröppurnar og brúna í kjölfar slyssins og ekki orðið var við neina háلكu. Þeirri fullyrðingu hefur ekki verið mótmælt þó svo að afrit yfirlýsingarinnar sé ekki í gögnum málsins. Með sama hætti liggja engin gögn fyrir í málinu, s.s. frá heilbrigðiseftirliti, sem sýna að öryggismerkingar eða önnur atriði, hafi ekki uppfyllt kröfur eftirlitsaðila eða að aðstæður hafi breyst með svo skyndilegum hætti á þeim tíma þegar M rennur að starfsmenn B hafi borið að yfirfara háلكuvarnir sérstaklega, s.s. með því að ber salt á gönguleiðir á brúnni. Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að aðbúnaður sundlaugarinnar hafi verið í samræmi við gildandi lög á reglur á þeim tíma þegar tjónið var. Af því leiðir að ekki verður séð að atvikið megi rekja til saknæmrar og ólögsmætrar háttsemi B, starfsmanna þess eða annarra atvika eða aðstæðna sem B ber ábyrgð á og á M ekki rétt á skaðabótum úr ábyrgðartryggingu B hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu B hjá V.

Reykjavík, 8. september 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögmn.

Jóhann T. Sigurðsson lögmn.